

Ed.

679. Breytingartillaga

[247. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 72 1. júní 1972, um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Helga F. Seljan.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað orðanna „allt að 80 milljónum króna árlega . . . tillögum húsnæðismálastjórnar“ í 3. gr. laganna komi: allt að 10% af því fjármagni, sem hún hefur til útlána á ári hverju, til lánveitinga til kaupenda eldri íbúða og til meiri háttar endurbóta á eldri íbúðum, sem hagkvæmt þykir að endurbyggja, að mati tæknideildar húsnæðismálastjórnar eða matsmanna, sem hún skipar. Öryrkjar skulu sitja fyrir við úthlutun viðgerðarlána. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um úthlutun lánstíma og tryggingar slíkra lána að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.